

Þín rödd í ráðum borgarinnar  
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík  
31. janúar 2017

Heiti erindis: [Skólagróðurhús við alla grunnskóla hverfisins](#)  
Málaflokkur: Menntamál

Viðtakandi erindis: Skóla og frístundaráð  
Efst í málaflokknum: Já  
Meðal fimm efstu : Nei

Fjöldi með hugmynd: 33	Fjöldi á móti hugmynd: 0
------------------------	--------------------------

**Lýsing:**

Mín hugmynd er að Reykjavíkurborg setji upp ca. 100 fermetra gróðurhús á lóð allra grunnskóla hverfisins með það fyrir augum að börnin geti stundað og lært um nytjaræktun undir handleiðslu garðyrkjufræðings eða áhugafólks um nytjaræktun sem val að loknum skóladegi þ.e.a.s. í frístiund . Þessi ræktun gæti t.d. skaffað allt ferskt grænmeti til mótuneytis skólanna auk þess sem börnin gætu tekið með sér heim eitthvað af því semþau rækta sameiginlega í gróðurhúsunum . Nota skal affall hitaveitu skóla

Rök með hugmynd:	Rök gegn hugmynd:
<p><b>Einar D. G. Gunnlaugsson</b> SKÓLAGRÓÐURHÚS VIÐ GRUNNSKÓLA REYKJAVÍKUR Ég er mikill áhugamaður um nytjaræktun, þ.e. ræktun grænmetis og ávaxta. Ég er líka mikill áhugamaður um að koma á í Reykjavík því sem ég kalla Skólagróðurhús á lóðum grunnskólanna í Reykjavík. Einn skóli valinn sem reynsluverkefni:Í byrjun yrði sett á laggirnar til reynslu í 1 ár skólagróðurhús sem hefði lóð sem vel hentaði : Stærð skólagróðurhúsana gæti verið ca. 80-120 m<sup>2</sup>. Uppsetn, Skólagróðurhúsanna væri í umsjá Reykjavíkurborgar</p>	

**Umræður notenda:**



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson

---

**Efni:** *Gróðurhús við alla grunnskóla, hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík.*

Erindi barst í gegnum samráðsvefinn Betri Reykjavík dagsett 31. janúar 2017. Í erindinu var lögð fram sú hugmynd að: „*Reykjavíkurborg myndi setja upp ca. 100 fermetra gróðurhús á lóð allra grunnskóla með það fyrir augum að börnin geti stundað og lært um nytjaræktun Þessi ræktun gæti t.d. skaffað allt ferskt grænmeti til mótuneytis skólanna auk þess sem börnin gætu tekið með sér heim eitthvað af því sem þau rækta sameiginlega í gróðurhúsunum. Nota skal affall hitaveitu skóla*“.

Í dag er það undir hverjum og einum skóla komið hvernig hann nálgast viðfangsefni sem tengjast framkvæmd skólastarfs samkvæmt aðalnámskrá. Ekki er algengt að skólar hafi komið sér upp sér aðstöðu til ræktunar, eins og tillagan snýst um, þótt að gerðar hafi verið ýmsar tilraunir í einstökum skólum.

Skóla- og frístundasvið telur hugmyndina áhugaverða en ekki framkvæmanlega þar sem starfstími grunnskólanna er ekki á sumrin á aðalræktunartíma grænmetis hér á landi þ.e. yfir sumartímam þegar sumarleyfi eru frá júní til ágúst.

Mikilvægt er að benda á að þar sem áður voru skólagarðar í hverfum borgarinnar eru nú matjurtagarðar sem einstaklingar og fjölskyldur búsettar í Reykjavík geta sótt um að rækta á sumrin og er það umhverfis- og skipulagssvið sem annast garðana. Þar gefst börnum tækifæri á að stunda og læra um nytjaræktun með foreldrum sínum og rækta ferskt grænmeti fyrir heimili sín.